

Með því að ráðuneytið fellst á, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um framangreint efni, telur það rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið: 133 16. nóv.

1. gr.

Gildistöku bifreiðalaga nr. 75 7. maí 1940 og umferðalaga nr. 110 30. maí 1940, er frestað um óákveðinn tíma.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 16. nóvember 1940.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson. Jakob Möller.
Ólafur Thors. Stefán Jóh. Stefánsson.
(L. S.)

Hermann Jónasson.

BRÁÐABIRGÐALÖG

134

16. nóv.

um breyting á lögum nr. 32 14. júlí 1929, um loftferðir.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Atvinnumálaráðherra hefir tjáð ráðuneytinu, að skipulagsnefnd kauptúna og sjávarþorpa og Flugmálafélag Íslands hafi undanfarin ár í samráði við bæjaryfirvöld Reykjavíkur haft til athugunar flugvallarstæði í nágrenni Reykjavíkur. Á síðastliðnum vetri varð samkomulag milli þessara aðilja um að flugvöllur væri lang bezt settur á svæðinu milli Skerjafjarðar og Vatnsmyrar, og á skipulagsuppdrætti Reykjavíkur var flugvöllur ákveðinn á þessum stað. Jafnframt skorðu téðir aðiljar á ríkisstjórnina að ná eignarhaldi á því landi á flugvallarsvæðinu, er væri eign einstakra manna.

Þar sem ekki er til skýr heimild handa ríkisstjórninni til eignarnáms á landi til flugvallargerðar telur atvinnumálaráðherra, að brýna nauðsyn beri til að afla slíkrar heimildar með bráðabirgðalögum samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar.

Samkvæmt þessu fellst ráðuneytið á að setja bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Á eftir 21. gr. laga nr. 32 14. júní 1929 komi ný grein, svo hljóðandi:

Ríkisstjórninni er heimilt að skerða eða taka eignarnámi vegna loftferða lóðir, lóðarréttindi og mannvirki.

Enn fremur er ríkisstjórninni heimilt að leyfa sveitarfélögum, sýslufélögum og þeim, sem gera út loftför, að taka eignarnámi eignir þær, sem um getur í 1. mgr., svo og að skerða þær, gegn hæfilegu endurgjaldi, ef samkomulag næst ekki um bætur.

Nánari fyrirmæli um framkvæmd skerðingar eigna vegna loftferða getur atvinnumálaráðuneytið sett með reglugerð.

Bætur fyrir eignarnámi á landi og mannvirkjum til flugvallargerðar í Reykjavík skulu metnar af dómurum hæstaréttar ásamt tveimur mönnum, er hæstiréttur nefnir. Að öðru leyti skal fara eftir lögum nr. 61 14. nóvember 1917 um framkvæmd eignarnáms og skerðing eigna samkvæmt þessari grein.

38. gr. laga nr. 32 14. júní 1929 er úr gildi felld.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík, 16. nóvember 1940.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson.

Jakob Möller.

Ólafur Thors.

(L. S.)

Ólafur Thors.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um breyting á lögum nr. 32 3. nóv. 1915, um veitingu prestakalla.

Ráðuneyti Íslands, handhafi konungsvalds,

Gjörir kunnugt: Kirkjumálaráðherra hefir tjáð ráðuneytinu, að eftir nákvæma athugun hafi komið í ljós, að við prestskosningar í Reykjavík sé mjög óhentugt að útbúa kjörskrár þannig, að nöfnum kjósenda sé raðað eftir stafrófsröð og sé því nauðsynlegt að heimila að raða nöfnum kjósenda eftir heimilisfangi (götunafni og númeri) á kjörskrár þessum.

Með því að ráðuneytið fellst á, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 23. gr. stjórnarskrárinnar um framangreint efni, telur það rétt að gefa út bráðabirgðalög á þessa leið:

Við 1. mgr. 2. gr. laga nr. 32 3. nóvember 1915 bætist ný málsgrein, svo hljóðandi: Á kjörskrár fyrir prestskosningar í Reykjavík skal heimilt að raða nöfnum kjósenda eftir heimilisfangi (götunafni og númeri).

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 22. nóvember 1940.

Hermann Jónasson.

Eysteinn Jónsson.

Jakob Möller.

Stefán Jóh. Stefánsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.